



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2023

KYNJ2KJ05

Kennari	Auður Svansdóttir, audur.svansdottir@fss.is	
Viðtalstími	Þriðjudagur kl. 10:00-10:40 á kennarastofu.	
Námsefni	<i>Kynjafræði fyrir byrjendur</i> (2022) eftir Þórð Kristinsson og Björk Þorgeirsdóttur. Bókin er á rafrænu formi og fæst hér: https://vefbok.is/kynjafraedi/ Annað námsefni frá kennara.	
Áfangalýsing	Áfanginn er grunnáfangi í kynjafræði þar sem teknar eru fyrir birtingarmyndir og staðalmyndir kynjanna í fortíð og nútíð með áherslu á að greina stöðu kynjanna eins og hún birtist í dag. Markmið áfangans er að nemendur þjálfist í að skoða heiminn með kynjagleraugum og nái tökum á helstu hugtökum kynjafræðinnar. Meðal efnispáttar er staða kynjanna á Íslandi og erlendis, saga jafnréttisbaráttunnar, klám og klámvæðing, kynbundið ofbeldi, femínismi, hinseginfræði, staðalmyndir og birtingamynd kynjanna í afþreyingarefni og fjölmiðlum. Eitt af meginmarkmiðum áfangans er að vekja ungt fólk til meðvitundar um réttindi sín hvað varðar jafnréttismál.	

Námsmat og vægi námsmatspátta	Áfanginn byggir á símati og nemendur vinna sér inn einkunn alla önnina. Því er mikið lagt upp úr verkefnavinnu og mætingu. Mikilvægt er að skila öllum verkefnum og á réttum tíma. Nemendur geta skilað verkefnum eftir auglýstan skiladag en lækka um 0,5 í einkunn fyrir hvern virkan dag sem skilað er of seint. Kennari áskilur sér rétt til að taka ekki við verkefnum fimm dögum eftir skiladag. Nemendur þurfa að þreyta alla þætti námsmatsins og fá að meðaltali 4,5 úr þeim, til að útskrifast úr áfanganum.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Skilaverkefni (alls 5)		30%
	Tímaverkefni		15%
	Hlutapróf x2		25%
	Hópverkefni		10%
	Kvikmyndagreining		15%
	Mæting og virkni		5%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Mikil áhersla er á ástundun verkefna og að nemendur taki ábyrgð á námi sínu og þeirri vinnu sem fram fer innan sem utan kennslustunda. Það þýðir meðal annars að nemendur þurfa sjálfir að fylgjast með og passa uppá skila- og prófdagsetningar og ef þeir missa úr tíma er það á þeirra ábyrgð að falast eftir þeim upplýsingum/verkefnum sem fóru fram í þeim tíma. Í hópavinnu er ætlast til að allir hópmeðlimir séu virkir og leggi sitt af mörkum í verkefnið. Ef upp koma aðstæður þar sem ekki ríkir samstarf innan hópsins - eða að sumir hópmeðlimir eru ekki að sinna sinni vinnu- þá þarf að láta kennara vita. Kennari áskilur sér þann rétt að gefa einstaklingseinkunn fyrir hópverkefni ef rík ástæða þykir. Í sumum verkefnum og í ritgerðum er gerð krafa að nemendur noti og vísi í heimildir. Ritstuldur er engan veginn liðinn en verkefni þar sem nemendur fá lánaðan texta frá öðrum nemendum/netinu eða öðru útgefnu efni án þess að geta heimilda fá falleinkunn. Ef nemandi skilar einstaklingsverkefni sem er eins (eða nánast eins) og verkefni annars nemanda deilist einkunnin á þá nemendur. Mikilvægt er að nemendur skoði INNU reglulega en öll verkefni, upplýsingar um kennslufyrirkomulag og tilkynningar er hægt að nálgast þar.
--	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • grundvallarhugtökum kynjafræðinnar • stöðu og viðhorfum til kynjanna í samfélaginu • sögu jafnréttisbaráttunnar • stöðu og réttindarbaráttu ýmissa jaðarhópa	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • taka þátt í umræðum um algeng álitamál sem tilheyra kynjafræðinni • greina stöðu og staðalmyndir kynjanna úr fjölbreyttum miðlum • afla upplýsinga, greina þær og setja í fræðilegt samhengi
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • líta á samfélagið út frá sjónarhorni kyns og kynferðis með gagnrýnum augum • mynda sér skoðun og gera grein fyrir henni með tilliti til kenninga kynjafræðinnar og hugtaka • tengja hugmyndir kynjafræðinnar við eigin veruleika	

Virðing, samvinna og árangur

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	2 x 4 klst.	8 klst.
Skilaverkefni	6 x 2 klst.	12 klst.
Kvikmyndagreining	7 klst.	7 klst.
Hópverkefni	5 klst.	5 klst.
Alls		112 klst. = 5 fein*
*Viðmið um fjölda eininga		
Einingar	Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga	
1 fein	18 - 24 klst.	
2 fein	36 - 48 klst.	
3 fein	54 - 72 klst.	
4 fein	72 - 96 klst.	
5 fein	90 – 120 klst.	

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 5. - 15. janúar	1.kafli: Grunnhugtök í kynjafræði	
2. vika 16. - 22. janúar	1.kafli: Grunnhugtök í kynjafræði	
3. vika 23. - 29. janúar	1.kafli: Grunnhugtök í kynjafræði	Skilaverkefni 1 – 6%
4. vika 30. janúar - 5. febrúar	2. Kafli: Femínismi	
5. vika 6. - 12. febrúar	2. Kafli: Femínismi	Skilaverkefni 2 – 6%
6. vika 13. - 19. febrúar	3. Kafli: Karlafræði	
7. vika 20. - 26. febrúar	3. Kafli: Karlafræði	Skilaverkefni 3 - 6%
8. vika 27. febrúar - 5. mars	4. Kafli: Hinsegin fræði	Hlutapróf 1 – 12,5%
9. vika 6. - 12. Mars <i>Miðannarmat</i>	4. Kafli: Hinsegin fræði	Skilaverkefni 4 – 6%
10. vika 13. - 19. mars	5. Kafli: Kynin og fjölmiðlar	
11. vika 20. - 26. mars	5. Kafli: Kynin og fjölmiðlar Nemendur vinna í kvikmyndagreiningu.	
12. vika 27.mars - 2. apríl <i>Starfshlaup - Páskafrí</i>	6. Kafli: Kynlífsmenning, kynfrelsi og kynbundið ofbeldi.	Kvikmyndagreining - 15%
13. vika 11. - 16. apríl	6. Kafli: Kynlífsmenning, kynfrelsi og kynbundið ofbeldi	
14. vika 17. - 23. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	6. Kafli: Kynlífsmenning, kynfrelsi og kynbundið ofbeldi	Skilaverkefni 5 – 6%
15. vika 24. - 30. apríl	6. Kafli: Kynlífsmenning, kynfrelsi og kynbundið ofbeldi	Hlutapróf 2 - 12,5%
16. vika 1. - 10. maí	Samantekt, próf og verkefnavinna	Hópverkefni - 10%

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf,

Auður Svansdóttir